

**Nd.**

**483. Frumvarp til laga**

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. mars.)

**1. gr.**

**3. gr. orðist svo:**

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem m'ði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

**2. gr.**

**7. gr. hljóði svo:**

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

**3. gr.**

**3. mgr. 10. gr. orðist svo:**

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsild skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 57 21. maí 1974.